




Háskólinn  
á Akureyri  
University  
of Akureyri



HANDBÓK

## HEILBRIGÐISDEILD HA

DIPLÓMA- OG MEISTARANÁM Í HEILBRIGÐISVÍSINDUM:  
MEÐ ÁHERSLU Á KRABBAMEIN OG LÍKNANDI MEÐFERÐ

## Ávarp

Markmið framhaldsnáms heilbrigðisdeildar Háskólans á Akureyri er að bjóða upp á áhugavert og krefjandi nám á sviði heilbrigðisþjónustunnar. Í þessu námi, þar sem áhersla er lögð á krabbamein- og líknandi meðferð, munu nemendur öðlast dýpri þekkingu og sérhæfingu á því sviði. Markmiðið er að þekking á þessu sviði nýtist einstaklingum vel í starfi og styrki þá til að takast á við þær margvíslegu áskoranir sem bíða fagfólks í þjónustu við þá sem fengið hafa krabbamein eða þurfa á líknandi meðferð að halda. Krabbameinstilfellum hefur farið fjölgandi undanfarna áratugi og stöðugar framfarir í lækninga- og líknandi meðferð kalla á aukna þekkingu af hálfu heilbrigðisþjónustunnar.

Hver og einn nemandi setur sér markmið innan framhaldsnámsins þar sem rauði þráðurinn er krabbamein- og/eða líknandi meðferð. Forstöðumaður sviðs krabbameins- og líknandi meðferðar er til staðar til að aðstoða nemendur við að setja sér þau markmið og velja síðan saman þau námskeið sem skila viðkomandi að settu marki.

Velkomin í námið!

Elísabet Hjörleifsdóttir



**Dr. Elísabet Hjörleifsdóttir**

**dósent H.A.**

Netfang: [elisabet@unak.is](mailto:elisabet@unak.is)

## Um handbókina

Þessi handbók inniheldur ýmsan hagnýtan fróðleik um uppbyggingu og skipulag diplóma- og meistaranáms í heilbrigðisvísindum með áherslu á krabbamein og líknandi meðferð. Sumar upplýsingar eru almenns eðlis, en aðrar eru nákvæmar og hagnýtar og lúta að skipulagi náms og námskeiðslýsingum.

## Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur fyrir komandi skólaár er 5. júní.

## Námstitlar

Námstitlarnir eru diplóma (40 ein.) og meistaragráða (120 ein.) í heilbrigðisvísindum með áherslu á krabbamein og líknandi meðferð.

## Inntökuskilyrði

Nemandi sem hefur lokið bakkalárgráðu á sviði heilbrigðisvísinda og skyldra greina með að öllu jöfnu fyrstu einkunn frá viðurkenndri háskólastofnun getur sótt um framhaldsnám við heilbrigðisdeild. Deildarfundur framhaldsnáms metur hverju sinni hvort samsetning fyrstu háskólagráðu tryggir nægilega undirstöðu undir framhaldsnámið. Eftir umfjöllun á deildarfundum eru umsóknir afgreiddar í deildaráði. Einnig verður litið til starfsreynslu við val á nemendum inn í námið.

## Innritunargjald

Innritunargjald er ákveðið af menntamálaráðuneytinu hverju sinni.

## Skipulag og almenn lýsing framhaldsnámsins

### Inngangur

Þessi hluti handbókarinnar fjallar um skipulag og almenna lýsingu á diplóma- og meistaranámi í heilbrigðisvísindum, með áherslu á krabbamein og líknandi meðferð, við Háskólann á Akureyri. Framhaldsnámið er hannað með þarfir nemenda í huga sem starfa munu innan heilbrigðisþjónustunnar hérlandis og erlendis.

### Forsendur náms á framhaldsstigi

Til að koma til móts við þarfir einstaklinga (og heilbrigðisstofnana) um land allt er framhaldsnámið skipulagt í lotum, *einn og hálfan dag einu sinni í mánuði fyrir hvert námskeið*, samtals fjórar námslotur á hverju misseri. Kenndir eru 12 tímar í hverri lotu. Nemendur sinna lestri og verkefnavinnu á milli námslota.

## Yfirlit yfir námskeið í framhaldsnámi heilbrigðisdeildar

Yfirlit yfir skyldunámskeið í diplóma- og meistaranáminu í heilbrigðisvísindum með áherslu á krabbamein og líknandi meðferð og þau valnámskeið sem til boða standa innan heilbrigðisvísindasviðs:

<i>Skyldunámskeiðin í diplómanáminu</i>	<i>Skyldunámskeiðin í meistaranáminu</i>	<i>Valnámskeið innan heilbrigðisdeildar</i>
KRA0105 Krabbamein og líknandi meðferð	KRA0105 Krabbamein og líknandi meðferð	EEL0105 Endurhæfing, efling og lífsgæði
HHS0105 Heilbrigði og heilbrigðisþjónusta: Staða, stefnur og straumar	HHS0105 Heilbrigði og heilbrigðisþjónusta: Staða, stefnur og straumar	FOS0105 Fötlun og samfélag
	EIR0155 Eigindlegar rannsóknir	LSL0105 Langvinnir sjúkdómar og lífsglíman
	MER0155 Megindlegar rannsóknir	SRI0105 Stjórnun, rekstur og ígrundun
	<i>Meistararannsókn 60 ein.</i> MPRO130 Meistararannsókn	ÖHÍ0105 Öldrun og heilbrigði í íslensku samfélagi

Sjá náms- og kennsluskrá á eftirfarandi slóð:

[http://www.unak.is/heilbrigdisvisindasvid/page/hei\\_namsogkennsluskra](http://www.unak.is/heilbrigdisvisindasvid/page/hei_namsogkennsluskra)

## Stefnumið framhaldsnámsins

<b>40 eininga diplómanám</b>
<i>Nám sem er 40 ein. diplómanám ofan á bakkalárpróf. Því er ætlað að dýpka þekkingu á sviði krabbameins- og líknandi meðferðar.</i>
<b>Að loknu námi skal nemandi:</b>
<b>Þekking og skilningur</b> - hafa sýn yfir kenningar, hugtök og aðferðir á sviði krabbameins- og líknandi meðferðar. - þekkja til kenninga, hugtaka og aðferða á sérhæfðum fræðasviðum um krabbamein og líknandi meðferð.
<b>Tegund þekkingar</b> - hafa sýn yfir rannsóknir á sviði krabbameins- og líknandi meðferðar. - geta metið kenningar og aðferðir á sviði krabbameins- og líknandi meðferðar á gagnrýninn hátt.
<b>Hagnýt þekking</b> - hafa sýn yfir nýleg og brýn viðfangsefni í krabbameins- og líknandi meðferð eins og þau birtast í starfi. - vera fær um að sýna frumkvæði og beita viðeigandi aðferðum við öflun gagna, mat og úrvinnslu í starfi á tilteknu áherslusviði.
<b>Fræðileg hæfni</b> - geta ígrundað starf sitt í ljósi kenninga og rannsókna, einkum á sviði krabbameins- og líknandi meðferðar. - vera fær um að setja fram faglega og fræðilega rökstuddar lausnir á vandamálum á sviði krabbameins- og líknandi meðferðar. - vera fær um að byggja starf sitt á gagnreyndri þekkingu.
<b>Hæfni í samskiptum, upplýsingalæsi og miðlun</b> - hafa aukna þekkingu á sviði krabbameins- og líknandi meðferðar sem auðveldar glímu við krefjandi störf á þessu sviði.
<b>Námshæfni</b> - geta fylgst með rannsóknum á ákveðnum sviðum krabbameins- og líknandi meðferðar til að efla sig í starfi. - vera sjálfstæð/ur í námi til að geta tekist á við viðbótarnám.

### Yfirlit yfir 40 eininga diplómanám:

<b>KRA0105 - Krabbamein og líknandi meðferð</b>	<b>10 ein.</b>
<b>HHS0105 - Heilbrigði og heilbrigðisþjónustan:</b>	
<b>Staða, stefnur og straumar</b>	<b>10 ein.</b>
<b>Valáfangar (þar af a.m.k. 10 ein. innan HA)</b>	<b>20 ein.</b>

## 120 eininga meistaranám

Nám sem er 120 ein. ofan á bakkalárpróf, sjálfstætt eða í framhaldi af 40 ein. diplómanámi. Því er ætlað að dýpka þekkingu á sviði krabbameins- og líknandi meðferðar, nemendur öðlast grunnfærni í rannsóknarvinnu eða búa sig undir lengra nám. Rannsóknarnám að jafnaði með 60 ein. meistaranám.

### Að loknu námi skal nemandi:

#### **Þekking og skilningur**

- hafa kerfisbundið yfirlit og sýn yfir kenningar, hugtök og aðferðir á sviði krabbameins- og líknandi - meðferðar.
- hafa sýn yfir meginkenningar, hugtök og aðferðir á sviði krabbameins- og líknandi meðferðar.
- hafa aðferðafræðilega þekkingu á rannsóknnum á sviði krabbameins- og líknandi meðferðar.

#### **Tegund þekkingar**

- hafa kerfisbundna þekkingu á nýlegum rannsóknnum á sviði krabbameins- og líknandi meðferðar.
- geta metið kenningar og aðferðir á sviði krabbameins- og líknandi meðferðar á gagnrýninn hátt.

#### **Hagnýt þekking**

- hafa sýn yfir nýleg og brýn viðfangsefni á tilteknu áherslusviði á sviði krabbameins- og líknandi meðferðar eins og þau birtast í starfi.
- vera fær um að sýna frumkvæði og beita fjölbreyttum aðferðum við sjálfstæða öflun gagna, mat og úrvinnslu í starfi á tilteknu áherslusviði innan krabbameins- og líknandi meðferðar.

#### **Fræðileg hæfni**

- geta ígrundað starf sitt í ljósi kenninga og rannsókna á sviði á sviði krabbameins- og líknandi meðferðar.
- vera fær um að setja fram faglega og fræðilega rökstuddar lausnir á vandamálum á sviði krabbameins- og líknandi meðferðar.
- geta beitt gagnrýninni hugsun, kenningum og viðeigandi aðferðum í eigin rannsóknarvinnu.

#### **Hæfni í samskiptum, upplýsingalæsi og miðlun**

- hafa þekkingu til að glíma við krefjandi störf á sviði á sviði krabbameins- og líknandi meðferðar.
- hafa kunnáttu til að veita leiðsögn og forystu á sviði á sviði krabbameins- og líknandi meðferðar.

#### **Námshæfni**

- geta fylgst með rannsóknnum á sviði krabbameins og líknandi meðferðar til að efla sig í starfi.
- vera fær um sjálfstæða rannsóknarvinnu.
- vera fær um að hefja doktorsnám.

### Yfirlit yfir 120 eininga meistaranám:

KRA0105 - Krabbamein og líknandi meðferð	10 ein.
HHS0105 - Heilbrigði og heilbrigðisþjónustan: Staða, stefnur og straumar	10 ein.
EIR0155 - Eigindlegar rannsóknir	
MER0155 - Megindlegar rannsóknir	10 ein.
Valáfangar	20 ein.
MPR0130 Meistararannsókn	60 ein.

## **Náms- og kennsluaðferðir**

Nemendur í framhaldsnámi hafa ólíkan bakgrunn og miðla mismunandi reynslu. Fjölbreyttar kennsluaðferðir verða notaðar til að virkja þátttöku og frumkvæði nemenda. Þar má nefna umræður, málstofur, einstaklings- og hópverkefni og raunverkefni/greiningu tilvika (case studies).

Til þess er ætlast að nemendur stundi sjálfsnám og að fyrirlestrar kennara og umræður í kennslulotum séu upphaf að frekari lestri og greiningu á viðfangsefni framhaldsnámsins. Gengið er út frá því að nemendur lesi kennslubækur og greinar og öðlist þannig þekkingu á helstu kenningum og rannsóknum á viðkomandi fræðasviði.

Kennslan verður skipulögð í rafrænu vefumhverfi. Þar verður að finna námskeiðslýsingar, glærur, leslista, verkefnalýsingar, ítarefni og þar eiga samskipti nemenda við kennara og samnemendur sér stað á milli kennslulota.

Ætlast er til að framhaldsnemendur mæti í kennslulotur. Það auðveldar mjög alla verkefnavinnu og er forsenda fyrir gagnrýninni umræðu og markvissri greiningu á viðfangsefnum, auk þess sem nemendur kynnast hver öðrum og kennurum sínum.

## **Námsmat**

Námsmat verður með ýmsu móti í náminu í samræmi við námsmarkmið og kennsluhætti. Þannig verður námsframvinda nemenda m.a. metin í einstaklings- og hópverkefnum, þátttöku í málstofum og raunverkefnum/greiningu tilvika (case studies).

## **Námsskipulag**

Diplómanám í heilbrigðisvísindum með áherslu á krabbamein og líknandi meðferð er til 40 eininga og meistaranámið til 120 eininga. Þeir sem hafa lokið diplómanámi til 40 eininga með góðum árangri gefst kostur á að ljúka meistaranámi með því að bæta við sig 20 einingum og gera rannsókn á sviði krabbameins eða líknandi meðferðar.

## **Námsframvinduregla**

Til að standast hvern námsáfangna þurfa nemendur að ná einkunninni 5,0 í öllum námsmatspáttum í viðkomandi áfanga.

## **Kennslulotur**

Hægt er að sjá kennslulotur fyrir komandi skólaár á heimasíðu heilbrigðisvísindasviðs <http://www.unak.is/heilbrigdisvisindasvid>

**Yfirlit yfir þá sem koma að framhaldsnámi í heilbrigðisvísindum með áherslu á krabbameins- og líknandi meðferð:**



dr. Elísabet Hjörleifsdóttir, dósent H.A.  
Netfang: [elisabet@unak.is](mailto:elisabet@unak.is)



Lára Garðarsdóttir, *skrifstofustjóri heilbrigðisdeildar*  
– skráning, skipulagning og upplýsingar,  
Netfang: [lara@unak.is](mailto:lara@unak.is)



Dr. Sigríður Halldórsdóttir, prófessor  
og *forstöðumaður framhaldsnáms*  
Netfang: [sigridur@unak.is](mailto:sigridur@unak.is)

### **Frekari aðstoð**

Í framhaldsnáminu geta namar fengið aðstoð frá eftirtöldum aðilum við Háskólann á Akureyri:

- *Gagnasmiðju* – <http://www.unak.is/gagnasmidjan> aðstoð varðandi kennslu á netinu í gegnum Moodle, aðgangsorð, tæknileg vandamál, kennslu á forrit o.fl. Netfang: [gagn@unak.is](mailto:gagn@unak.is)
- *Bókasafn Háskólans á Akureyri* – <http://www.unak.is/bokasafn/> aðstoð við heimildaleit, útlán rita, rafræna gagnagrunna, millisafnalán o.fl. Netfang: [bsha@unak.is](mailto:bsha@unak.is)

## **KRA0105- Krabbamein og líknandi meðferð 10 ein.**

Helstu áherslur í námskeiðinu eru meðferð við krabbameini og líknandi meðferð. Nálgun er þverfagleg og bæði sjúklinga- og fjölskyldumiðuð. Lögð er áhersla á heilræna sýn á heilsu, virkni, sjúkdóma og líðan skjólstæðinganna. Fjallað verður um erfðafræði krabbameina, mismunandi tegundir meðferða og þjónustu, skipulag þjónustunnar, stjórnun sjúkdómseinkenna, samskipti og sálfélagslega þætti. Skoðað verður hvernig mismunandi heilbrigðisstéttir geta mætt þörfum skjólstæðinganna, bæði á grundvelli sérhæfðar fagþekkingar og samvinnu fagstétta.

### **Námsmarkmið:**

Að námskeiðinu loknu skal nemandi:

- Hafa skilning á hugmyndafræði sem er forsenda krabbameins- og líknarmeðferðar,
- geta fjallað um ákveðin atriði í krabbameins- eða líknandi meðferð og lífeðlisfræði krabbameins sem byggir á vísindalegum grunni,
- geta sýnt frumkvæði til að þróa þverfaglega þjónustu fyrir markhópinn,
- geta fjallað um sálfélagslegar afleiðingar krabbameins fyrir einstaklinginn og fjölskyldu hans ásamt aðlögunar- og bataferli og tengsl þess við lífsgæði,
- hafa skilning á hvað felst í faglegrri færni í samskiptum við krabbameinssjúklinga og sjúklinga í líknandi meðferð og fjölskyldur þeirra,
- kunna skil á aðferðum til að þróa eigin rannsóknarvinnu og þekkja aðferðir til að meta líðan, árangur meðferðar og lífsgæði.

### **Kennslustundafjöldi**

Fjöldi kennslustunda í námskeiði: 48

### **Námsmat**

Ýmis verkefni

## **HHS0105 -Heilbrigði og heilbrigðisþjónusta: Staða, stefnur og straumar 10 ein.**

Viðfangsefni þessa námskeiðs er að kynna sögu, stöðu, stefnur og strauma varðandi heilbrigði og heilbrigðisþjónustu á Íslandi og á alþjóðlegum vettvangi. Nemendur kynna sér það sem gert er í landinu til að bæta heilbrigði, virkni og líðan með ýmsum aðgerðum. Þeir afla sér þekkingar um ýmsa áhrifavalda um heilsu/heilbrigði, virkni og vellíðan hvort sem þeir falla undir lífsstíl, lífsskilyrði, heilbrigðisþjónustu, aldur/kyn eða erfðir. Skipulag námsins gerir ráð fyrir sjálfstýrðu námi nemenda að stórum hluta. Ætlast er til að nemendur taki virkan þátt í öllu námsferlinu, þeir þurfa að hafa lokið lestri tilsetts námsefnis fyrir tímana, vera undirbúnir undir notkun hugtaka og taka þátt í umræðum um efnið sem og mynda sér skoðanir og tengja námsefni frá öðrum námskeiðum. Námsaðferðir eru gagnasöfnun, heimalestur, fyrirlestrar kennara, forráðamanna ýmissa stofnana og nemenda, umræður og rökræður með eða móti ýmsum málum, kynning nemenda á verkefnum sínum og hópvinna.

### **Námsmarkmið:**

Að námskeiði loknu skal nemandinn:

- Þekkja og geta rökrætt ólíkar skilgreiningar á ýmsum grunnhugtökum heilbrigðisvísinda s.s sjúkdómi, heilsu, heilbrigði, vellíðan, virkni, forvörnum og heilsueflingu.
- Þekkja ýmiss líkön og flokkunarkerfi sem hafa með skipulag og starfsemi heilbrigðisþjónustu, árangursstjórnun, gæðapróun og teymisvinnu að gera og geta rætt hvað er líkt og ólíkt með þeim, kosti þeirra og galla.
- Þekkja áhrifaþætti um heilbrigði/heilsu einstaklinga, hópa, samfélaga og á alþjóða vísu og geta sett fram hugmyndir að úrbótum.
- Þekkja og geta rætt ýmsar víddir í heilbrigði einstaklinga, hópa, samfélaga og á alþjóða vísu.
- Þekkja og geta rætt á gagnrýninn hátt sögu, uppbyggingu, starf, stefnur og strauma heilbrigðismála og heilbrigðisþjónustu á Íslandi, hvaða stéttir koma þar að, sérsvið hverrar fyrir sig og mismunandi form á samstarfi þeirra á milli.
- Þekkja stofnanir og félög sem vinna gegn sjúkdómum, lengja líf og efla heilsu með skipulögðum aðgerðum og geta rætt starfsemi þeirra og árangursmælingar.
- Þekkja hvaða lögum og reglugerðum er ætlað að ýta undir heilsu og tryggja heilbrigðisþjónustu fyrir alla á Íslandi, hvað í þeim felst og vera fær um að gagnrýna þau.
- Vera fær um að kanna vilja neytenda heilbrigðisþjónustu, rökræða um hann og koma með tillögur að breytingum.
- Þekkja og vera fær um að rökræða hindranir og hvata að breytingum í þáttum er varða heilbrigði og heilbrigðisþjónustu.

### **Kennslustundafjöldi**

Fjöldi kennslustunda í námskeiði: 48

### **Námsmat**

Ýmis verkefni

## **EIR0155 - Eigindlegar rannsóknir 10 ein**

Viðfangsefni þessa námskeiðs er að kynna eigindlegar rannsóknir og rannsóknaraðferðir ásamt fræðilegum forsendum þeirra, takmörkum þeirra og kostum. Næmar kynnst helstu þáttum eigindlegar aðferðafræði og læra til verka við að beita eigindlegum rannsóknaraðferðum í eigin verkefnum svo sem að afla gagna og greina þau. Þeir öðlast þekkingu á ýmsum viðfangsefnum og álitamálum sem tengjast eigindlegum rannsóknum svo sem siðfræðilegum þáttum og um réttmæti og áreiðanleika. Næmar læra að nýta sér eigindlegar rannsóknir í eigin verkefnum.

### **Námsmarkmið:**

Að námskeiði loknu skal nemandi:

- þekkja ólíkar eigindlegar rannsóknarhefðir og fræðilegar forsendur þeirra,
- þekkja helstu þætti eigindlegra rannsókna, takmarkanir þeirra og kosti,
- hafa þjálfun í völdum tegundum eigindlegra rannsóknaraðferða og kunna til verka við að skrifa eigindlegar rannsóknarskýrslur, byggðar á eigin gagnaöflun,
- þekkja helstu gagnasöfnunaraðferðir í eigindlegum rannsóknum, svo sem vettvangsathuganir og viðtöl, og geta beitt a.m.k. tveimur þeirra í eigin verkefni,
- þekkja og geta rætt notagildi eigindlegra rannsókna t.d. notkun þeirra sem undirstöðu í meginlegum rannsóknum og kenningarsmiði,
- vera fær um að lesa og nýta sér eigindlegar rannsóknir..

### **Kennslustundafjöldi**

Fjöldi kennslustunda í námskeiði: 48

### **Námsmat**

Ýmis verkefni

## **MER0155 - Meginlegar rannsóknir 10 ein.**

Fjallað verður ítarlega um meginlegar rannsóknaraðferðir og rannsóknarsnið, þar sem tölfraði og aðferðafræði er fléttað saman. Lögð er áhersla á að koma á framfæri grunnþekkingu í tölfraði þar sem nemendur munu læra að reikna og túlka niðurstöður og nýta sér SPSS- tölfraðiforritið.

### **Námsmarkmið:**

Að námskeiðinu loknu skal nemandinn:

- vera fær um að lesa og nýta sér meginlegar rannsóknir,
- hafa þekkingu á takmörkunum og kostum meginlegra rannsókna,
- hafa grunnþekkingu í tölfraði,
- hafa þjálfast í meginlegum rannsóknum og skrifað rannsóknarskýrslu,
- kunna að nota SPSS-forritið við framkvæmd rannsókna.

### **Kennslustundafjöldi**

Fjöldi kennslustunda í námskeiði: 48

### **Námsmat**

Verkefni og próf

## **MPR0130 - Meistararannsókn 60 ein.**

Meistararitgerð vegur að öllu jöfnu 60 einingar og skal byggjast á rannsókn. Deildarfundi framhaldsnámsdeildar er heimilt að veita undantekningar á einingafjölda fyrir meistararitgerð, þó aldrei svo að meistararitgerð vegi meira en 90 einingar eða minna en 40 einingar. Rannsóknarefni velur meistaraneinninn í samráði við aðalleiðbeinanda sinn. Neminn lýkur rannsókn sinni með því að skrifa meistararitgerð og uppkast að tímaritsgrein fyrir ritrynt tímarit á fræðasviðinu. Hann gerir jafnframt grein fyrir niðurstöðum sínum í opnum fyrirlestri.

**Námsmat:** Meistaraverkefni (sjá reglur um framhaldsnám ).

### **Forkröfur**

EIR0155 Eigindlegar rannsóknir og MER0155 Meginlegar rannsóknir.

**Umsjón með meistaraverkefnum:** Dr. Sigríður Halldórsdóttir, prófessor og forstöðumaður framhaldsnáms. [sigridur@unak.is](mailto:sigridur@unak.is)

# Reglur um framhaldsnám

## 1. gr. Stjórnskipulag, markmið og stefna

### 1.1. Framhaldsnámsdeild í heilbrigðisvísindum

Framhaldsnámsdeild innan heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri býður upp á framhaldsnám til meistaraþráðu (M.S.) og diplómu í heilbrigðisvísindum og stendur fyrir rannsóknum í heilbrigðisvísindum í samræmi við stefnu og grunnmarkmið heilbrigðisvísindasviðs og stefnu Háskólans á Akureyri hverju sinni. Deildarformaður og deildarfundur bera ábyrgð á kennslu, kennslufyrirkomulagi og þróun náms innan deildarinnar.

### 1.2. Deildarfundur

Deildarfundur gerir tillögur til deildarráðs um að auglýsa stöður, fjalla um umsóknir að fengnu dómsnefndarálitum og gerir tillögur til forseta heilbrigðisvísindasviðs um ráðningar. Deildarfundur skipa forseti heilbrigðisvísindasviðs, deildarformaður og umsjónarkennarar námskeiða við deildina. Meginhlutverk deildarfundar er að fjalla um og afgreiða umsóknir um nám við deildina, sinna ýmsum málefnum er tengjast náminu sjálfu og málefnum framhaldsnema, sem og öðrum þeim málum sem heilbrigðisvísindasvið eða háskólaráð kann að fela honum.

### 1.3. Deildarformaður

Deildarformaður skal kosinn af deildarfundum til tveggja ára í senn, úr hópi fastráðinna lektora, dósentna eða prófessora deildarinnar. Einnig skal deildarfundur kjósa staðgengil deildarformanns til sama tíma. Einungis deildarfundur getur leyft frávík frá þessum ákvæðum. Deildarformaður ber ábyrgð á starfsemi deildar, skipulagi, undirbúningi og framkvæmd náms, þróun og samskiptum og tekur einnig þátt í stjórn deildar. Hann sér um samskipti við nemendur, áætlun kennslumagns, gerir tillögur um nýráðningar, velur umsjónarkennara í samráði við forseta heilbrigðisvísindasviðs og kemur að stundarskrárgerð í samvinnu við skrifstofu deildar. Deildarformaður stýrir deildarfundum og fylgir samþykktum fundanna eftir. Nánar er kveðið á um ábyrgð og verkefni deildarformanns í sérstakri starfslýsingu.

### 1.4. Námsnefnd framhaldsnáms

Námsnefnd framhaldsnáms gerir tillögur til deildarfundar um breytingar á náms- og kennsluskrá. Námsnefnd er skipuð þremur fulltrúum kennara sem valdir eru til tveggja ára í senn af deildarfundum og einum fulltrúa nemenda, sem valinn er af félagasamtökum þeirra til eins ár s í senn. Deildarformaður er að jafnaði formaður námsnefndar en að öðru leyti skiptir nefndin sjálf með sér verkum.

### 1.5. Matsnefnd framhaldsnáms

Matsnefnd framhaldsnáms gerir tillögur um mat á fyrra námi og fyrirhuguðu skiptinámum framhaldsnema. Matsnefnd er skipuð þremur fulltrúum kennara sem valdir eru af deildarfundum til tveggja ára í senn.

## 2. gr. Skilyrði til innritunar í framhaldsnám í heilbrigðisvísindum

Umsækjandi sem hefur lokið bakkalárgráðu á sviði heilbrigðisvísinda og skyldra greina, með að öllu jöfnu fyrstu einkunn, frá viðurkenndri háskólastofnun getur sótt um framhaldsnám við heilbrigðisdeild. Deildarfundur skal hverju sinni meta hvort samsetning fyrstu háskólagráðu tryggji nægilega undirstöðu undir framhaldsnámið. Deildarfundur getur veitt undanþágu frá almennum inntökuskilyrðum þegar um einstök námskeið er að ræða. Innritun í einstök

námskeið skal vera háð samþykki umsjónarkennara viðkomandi námskeiðs.

### **3. gr. Einingafjöldi og tímalengd náms**

Nám til meistaraþrófs í heilbrigðisvísindum er 120 einingar að afloknu bakkalárprófi og til diplómaprófs 40 einingar. Fullt nám á einu skólaári er 60 einingar.

Hámarksnámstími til meistaraþrófs er 5 ár, en til diplómaprófs 3 ár. Deildarfundi er heimilt að veita undantekningar varðandi hámarksnámstíma.

### **4. gr. Námsáætlun**

a) *Meistaraneimi* gerir drög að áætlun um meistaranám sitt á sínu fyrsta misseri. Þar skal geta þeirra námskeiða sem neminn hyggst taka og stutt drög að meistaranámsókn hans.

Þegar meistaraneimi hefur skráð sig í *MPR0130 Meistararannsókn* fær hann leiðbeinanda og leggur fram áætlun um meistaranámsóknina sem hann vinnur í samráði við leiðbeinanda sinn. Rannsóknaráætlun sem samþykkt hefur verið af Vísindasiðanefnd eða öðrum opinberum siðanefndum telst fullgild rannsóknaráætlun.

b) *Diplómanemi* gerir drög að áætlun um diplómanám sitt á sínu fyrsta misseri. Þar skal geta þeirra námskeiða sem neminn hyggst taka.

### **5. gr. Meistaranefnd og hlutverk hennar**

Deildarformaður skipar meistaranefnd í samráði við deildarfundarfulltrúa. Í nefndinni er leiðbeinandi sem leiðbeinir meistaraneimanum í náminu og að jafnaði einn ráðgjafi. Hlutverk leiðbeinandans er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun og tryggja fagleg gæði rannsóknarvinnunnar. Nánar er kveðið á um hlutverk leiðbeinanda og ráðgjafa í sérstakri starfslýsingu og gerður um framlag þeirra skriflegur samningur. Heimilt er, með samþykki deildarfundar, að leiðbeinendur séu utan HA. Sex vikum áður en til mats á meistararitgerð kemur skilar leiðbeinandi rökstuddu álitu til deildarformanns um það hvort veita skuli meistaraneimanum kost á að leggja ritgerð fram sem hluta af meistaragráðu.

### **6. gr. Námskröfur**

a) *Nám til meistaraþrófs* er minnst 120 einingar að lokinni fyrstu háskólagráðu.

Meistaraneiminn skal hafa lokið þremur skyldunámskeiðum framhaldsnámsins og valnámskeiðum til viðbótar með viðunandi árangri að mati deildarfundar. Meistararitgerð vegur að öllu jöfnu 60 einingar og skal byggjast á rannsókn. Deildarfundi er heimilt að veita undantekningar á einingafjölda fyrir meistararitgerð, þó aldrei svo að meistararitgerð vegi meira en 90 einingar eða minna en 40 einingar.

Rannsóknarefni velur meistaraneiminn í samráði við leiðbeinanda sinn. Meistaraneiminn lýkur rannsókn sinni með því að skrifa meistararitgerð og tímaritsgrein fyrir ritrýnt tímarit á fræðasviðinu. Hann gerir jafnframt grein fyrir niðurstöðum sínum í almennum fyrirlestri við Háskólann á Akureyri.

b) *Nám til diplómaprófs* í heilbrigðisvísindum er 40 einingar að lokinni fyrstu háskólagráðu.

### **7. gr. Framvinda meistararannsóknar**

#### *7.1 Meistararitgerð*

Markmið meistararitgerðar er að veita þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum. Ritgerðin verður að standast strangar kröfur á öllum sviðum. Í upphafi slíkrar ritgerðar skal gera skýra grein fyrir viðfangsefninu, þeim spurningum sem bornar voru upp og rannsóknaraðferðum.

Niðurstöður skal setja skýrt og aðgengilega fram og fjalla um þær í fræðilegu samhengi.

Almenn krafa til meistararitgerða er að þar sé fylgt viðurkenndum vísindalegum

rannsóknaraðferðum og fagmannlegum frágangi og að þær séu sjálfstætt framlag til þekkingarþróunar á fræðasviði sínu. Í hverri meistararitgerð skal vera útdráttur á íslensku og ensku. Koma skal skýrt fram að verkefnið er unnið við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri og geta skal aðalleiðbeinanda sérstaklega og síðan ráðgjafa. Þá skal geta þeirra sjóða sem styrkt hafa verkefnið. 60 eininga meistararitgerð skal vera 20.000 orð að jafnaði (+/- 10%), 40 eininga ritgerð skal að jafnaði vera 15.000 orð (+/- 10%).

Sérstakar leiðbeiningar skulu tiltækar til leiðsagnar meistaraneimum í ritgerðarsmíðinni.

### *7.2. Tímaritsgrein*

Meistaraneiminn skal skrifa tímaritsgrein fyrir ritrýnt tímarit á viðkomandi fræðasviði þar sem hann gerir grein fyrir meistararannsókn sinni. Markmið ritunar tímaritsgreinar er að veita meistaraneimum þjálfun í að skrifa tímaritsgrein fyrir ritrýnt tímarit. Leiðbeinandi er ætíð meðhöfundur enda tekur hann beinan þátt í rannsókninni og skrifunum í gegnum leiðbeiningar sínar. Hann sér um að senda tímaritsgreinina til birtingar og gera þær betrubætur á henni sem viðkomandi tímarit kann að krefjast í samráði við meistaraneimann. Sérstaklega skal semja um það í upphafi rannsóknarferlisins ef ráðgjafi er meðhöfundur en þá er gert ráð fyrir að ráðgjafi taki drjúgan þátt í rannsóknarvinnunni og leiðsögninni.

### *7.3. Fyrirlestur*

Meistaraneiminn skal flytja opinn fyrirlestur í málstofu á vegum heilbrigðisvísindasviðs til að kynna rannsóknarniðurstöður sínar. Markmið fyrirlestrarins er að þjálfa meistaraneimann í að koma rannsóknarniðurstöðum á framfæri með töluðum orðum og taka við og svara fyrirspurnum. Fyrirlesturinn skal auglýstur opinberlega.

Leiðbeinandi er alltaf meðhöfundur á öllum opinberum fyrirlestrum þar sem rannsóknin er kynnt, hvort sem um er að ræða innlendar eða erlendar málstofur eða ráðstefnur. Sérstaklega skal um það semja hvort ráðgjafi er einnig meðhöfundur.

### *7.4. Mat á meistararitgerð*

Meistaraneiminn skal meta meistararitgerðina áður en til mats prófdómara kemur. Þegar meistaraneiminn hefur verið gefinn kostur á að leggja ritgerð fram skal deildarformaður tilnefna prófdómara. Prófdómari gefur einkunn fyrir ritgerðina. Gildir sú einkunn til jafns við einkunn meistaraneimdarinnar sem gefur einkunn fyrir allt ferlið. Nánar er kveðið á um fyrirgjöf fyrir meistaraverkefni í sérstakri samþykkt deildarfundar.

## **8. gr. Tengsl við aðra háskóla**

Heimilt er að veita meistaragráðu sameiginlega með öðrum háskóla. Í þeim tilvikum skal um það gera skriflegan samning.

Samþykkt á fundi námsráðs framhaldsnáms heilbrigðisvísindasviðs 5. maí, 2009.

Reglurnar tóku gildi 1. ágúst 2009